



Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykholahrepps
mánudaginn 9. maí 2011, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Herdís Erna Matthíasdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags – og byggingafulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið og setti fund.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 0907037 – Deiliskipulag í Flatey.

Deiliskipulag við Innstapoll, frestað á síðasta fundi, umsögn Umhverfisstofnunar.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst 29. júní 2010 og var niðurstaðan að framkvæmdir ofansjávar muni ekki valda verulegum áhrifum en bendir á að nokkur óvissa ríki um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar neðan sjávar. Nánari upplýsingar skorti um hvaðan fjórðungs efnis í varnargarða muni koma og upplýsingar um lífríki sjávar við Innstapoll og áhrif þess rasks er framkvæmdin hefur í för með sér.

Samkvæmt áætlun Siglingstofnunar (sjá meðfylgjandi) er gert ráð fyrir að magn uppúrtektar og efnismagn í gördum verði jafnt þannig að ekki þurfi að koma til viðbótar efnistaka. Viðbótargögn vegna tilkynningarskyldu munu gera frekari grein fyrir frekari umhverfisáhrif áður en að framkvæmdum kemur. Í afgreiðslu deiliskipulagsins sbr. 9. Gr. Laga nr 105/2006 sem hefur verið bætt inn á deiliskipulagsuppdráttinn er gerð grein fyrir málinu.

2. 1104003 – Barmahlíð 139722, umsókn um byggingu hænsnakofa.

Óskað var frekari gagna á síðasta fundi.

Erindið er samþykkt. Mælt er til þess að hænsnagirðing verði innan núverandi girðingar, að húsið verði snyrtilegt og í samræmi við aðalbyggingu.

3. 1105004 – Ósk um aðstöðu fyrir hárgreiðslustofu í húsnæði Grettislaugar.

Umsókn frá Silvíu Björk Birkisdóttur dagsett 3. maí 2011.

Erindið samþykkt, nefndin beinir því til viðkomandi að unnið verði í samráði við Heilbrigðiseftirlitið og Vinnueftirlitið. Húsnæðið verður tilbúið til afhendingar 1. júní n.k.

4. 1105005 – Skipulag göngustíga í Flatey og vinna sumarið 2011.

Kostnaðaráætlun Landmótunar, erindi frá Heimi Sigurðssyni Framfarafélaginu í tengslum við styrk frá Ferðamálastofu dagsett 3. maí 2011.

Nefndin samþykkir að hefja skipulagsvinnu við stígagerð í samvinnu við Framfarafélagið.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

5. Reykhólar véla og verkfærageymsla 212-2430, uppbygging á Þaraböðum á Reykhólum.

Erindi frá Tómasi Sigurgeirssyni dagsett í 8. maí 2011 er varðar stöðuleyfi á bráðabirgða byggingum utandyra fyrir ferðamenn, tveir heitir pottar, aðstaða fyrir útisturtur og salerni.

Stöðuleyfi veitt til eins árs, eða til 1. júní 2012. Nefndin bendir á að haft verði samráð við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12:00

_____	_____
_____	_____
_____	_____